

## Fundargerð

179. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**
2. **Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 (losun frá iðnaði o.fl.), lagt fyrir á 145. löggjafarþingi 2015-2016. Kynning.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti málið og skýrði frá þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um frumvarpsdrögin á vettvangi Samtaka heilbrigðis-eftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ). Að loknum umræðum í heilbrigðisnefnd var eftirfarandi fært til bókar og komið á framfæri við ráðherra í beinu framhaldi af fundi heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd hefur kynnt sér drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (losun frá iðnaði o.fl.); sem stendur til að leggja fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi með gildistöku frá og með 1. júlí 2016. Frumvarpið virðist gera ráð fyrir að dregið verði verulega úr hlutverki og stöðu heilbrigðisnefnda og að verkefni verði færð frá heilbrigðisnefndum til Umhverfisstofnunar til aukinnar miðstýringar. Heilbrigðisnefnd leggur þunga áherslu á að hlutverk og verkefni heilbrigðisnefnda verði ekki skert á nokkurn hátt og að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði eftir sem áður sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir heima í héraði með skýr og afdráttarlaus og óskert þvingunarúrræði. Heilbrigðisnefnd áréttar mikilvægi þess að tryggja góða nærþjónustu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um land allt og hvetur til þess að Umhverfisstofnun verði styrkt til að sinna hlutverki sínu hvað varðar samræmingu heilbrigðiseftirlits og gerð leiðbeininga og samræmdra starfsleyfisskilyrða vegna nærþjónustu heilbrigðisnefnda.

3. **Kynning á niðurstöðum trihalometan mælinga í innilaugum á Akureyri.**

Pórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti niðurstöður á mælingum á trihalometani í sundlaugum og skýrði viðmið sem eru í gildi og til hvaða ráðstafana er gripið til að lagmarka heilsufarsáhættu af völdum efnisins.

### Umsagnir:

1. **Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW, umsögn til Skipulagsstofnunar.**

## 2. Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna fyrirhugaðrar Svartárvirkjunar, umsögn.

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir til Skipulagsstofnunar og Skútustaðahrepps (liður 1 og 2) vegna áforma um Svartárvirkjun í Bárðardal. Heilbrigðisfulltrúi og heilbrigðisnefnd eru þeirrar skoðunar að áform um Svartárvirkjun skuli skilyrðislaust fara í umhverfismat.

## 3. Umsögn HNE til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis varðandi undanþágubeiðni ISIS heilsuhofs.

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn vegna undanþágubeiðni ISIS heilsuhofs varðandi aðgengi að sturtu fyrir viðskiptavini.

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Funky ehf, kt. 650915-1190, Snægil 30, 603 Akureyri, vegna hársnyrtistofunnar Funky, Skipagötu 19, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
2. STEPS dancecenter ehf, kt. 680714-0290, endurnýjun á starfsleyfi vegna STEPS dancecenter, Tryggvabraut 24, 2. hæð, 600 Akureyri. **Afgreiðslu frestað.**
3. Líkamsræktin Bjarg ehf, kt. 460900-2980, tilkynning um nýjan rekstraraðila/forsvarsmann, vegna Bjargs líkamsræktar, Bugðusíðu 1., 603 Akureyri. **Afgreiðslu frestað.**

### Önnur mál:

-Skýrt var frá erindum sem eru í vinnslu hjá Maríu Markúsdóttur heilbrigðisfulltrúa varðandi deiliskipulag Lögmannshlíðarkirkjugarðs í Akureyrarbæ og Dysness í Hörgársveit; umsagnirnar verða kynntar á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

-Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.15.

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Hjördís Stefánsdóttir

---

Þorkell Björnsson

---

Benedikt Kristjánsson

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Kristín Halldórsdóttir

---

María Markúsdóttir